

## Stjórnarfundur 29. Febrúar 2020, haldinn í Tjarnarbæ í Skagafirði.

Mættir voru Sveinn, Eysteinn, Heiðrún, Vignir og Jón Bjarni var í síma hluta af fundinum.

Gestir inná fundinn voru Sigríður Björnsdóttir til að ræða um blóðhryssuhaldið og Jóhann Nikulásson og Guðbjörg Jónsdóttir í gegnum fjarfundarbúnað að kynna tillögu að nýju aðildarformi að BÍ.

Dagskrá :

1. Blóðhryssuhaldið – Sigríður Björnsdóttir kom til fundarins undir þessum lið.  
Í upphafi farið yfir áhrif óveðurs í desember s.l. á hrossahaldið yfirleitt og þá sérstaklega hvernig gekk til þar sem hrossahald er í stórum stíl eins og sumstaðar þar sem um er að ræða blóðhryssubúskap. Einnig var farið yfir helstu atriði sem snúa að blóðhryssum s.s hvernig staðið er að blóðtöku og hvað verður um folöldin. Allmikil umræða hefur átt sér stað um blóðhryssubúskapinn meðal annars á aðalfundi félagsins.  
Þarf að auðkenna tryppin, dýralæknir sem tekur blóð úr hryssunum sér um að sendur sé listi yfir blóðtökuhryssur eftir að blóðtaka er hafin. Þar með muni folaldið skrást með einkenni þess að fylið sé orðið til þegar móðirin hafi veri í blóðtöku.
2. Tillaga að nýju fyrirkomulagi á aðild að Bændasamtökum Íslands.  
Guðbjörg Jónsdóttir og Jóhann Nikulásson komu inná fundinn í fjarfundarbúnaði og kynntu fyrir stjórnarmönnum tillögu að nýju fyrirkomulagi á aðild að BÍ. Fundarmenn fengu allgóða kynningu og í framhaldinu ágætis umræður um nýtt aðildarform, á tillögu sem stendur til að fjalla formlega um á komandi Búnaðarþingi ( 2-3 mars). Öllum ljóst að grípa þarf til breytinga ef ekki á illa fara í félagsmálum bænda. Stjórn FHB mun væntanlega fá þessi mál inná sitt borð aftur eftir að búnaðarþing hefur sett það í farveg.
3. Staða sumarexemsverkefnisins.  
Farið yfir stöðu mála varðandi exemverkefnið en hrossin sem eru á Keldum munu fara úr landi 16.mars. Vel hefur gengið að meðhöndla hrossin og ánægja er með hversu meðfærileg og traust hrossin reynast og því ljóst að nokkuð vel hefur tekist upp með val á hrossum í verkefnið. Stjórnarmenn sammála því að reyna að stuðla að umfjöllum um verkefnið þegar hrossin fara úr landi.
4. Horses of Iceland núverandi staða og framtíðar áform.  
Búið er að framlengja verkefnið á grunni núverandi samnings um 18. mánuði og verkefnið því tryggt til út júní 2021. Allir sammála því að unnið verði að verkefninu áfram sem er í samræmi við ályktun aðalfundar félagsins og verður því unnið að því að verkefnið verði tryggt með nýjum samningi til lengri framtíðar. Núverandi verkefnastjóri, Jelena Ohm, mun leiða verkefnið sem hingað til en Íslandsstofa stendur straum að kostnaði við verkefnastjóra eins og áður.
5. Rekstur félagsins.  
Í samræmi við umræðu á aðalfundi félagsins s.l. þá er mikilvægt að jafnvægi náist milli tekna og gjalda á þessu ári og var tekin góð umræða um það á fundinum. Ákveðin atriði voru rædd varðandi breytingar og verður tekin endanleg ákvörðun um aðgerðir á næsta fundi stjórnar.

Önnur mál.

Ágæt umræða var tekin um möguleika félagsins til samstarfs við önnur félög, en engin ákvörðun tekin í því sambandi. Ljóst að ef til breytinga kemur hjá BÍ þá muni það hafa áhrif á öll búgreinafélag og ekki síst Félag hrossabænda.